



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Hugvísindasvið

# **Konur í íslenskum kvikmyndum**

*Konur sem viðfangsefni og stjórnendur í íslenskum  
kvikmyndum 1980-2012*

Ritgerð til BA -prófs í Kvikmyndafræði

Ívar Björnsson

Maí 2012

**Háskóli Íslands**  
**Hugvísindasvið**  
**Kvikmyndafræði**

# **Konur í íslenskum kvikmyndum**

*Konur sem viðfangsefni og stjórnendur í íslenskum  
kvikmyndum 1980-2012*

**Ritgerð til BA -prófs í Kvikmyndafræði**

**Ívar Björnsson**  
**Kt.: 241090-2139**

**Leiðbeinandi: Lára Marteinsdóttir**

**Maí 2012**

## Ágrip

Þótt Íslendingar eigi ekki margar kvikmyndir að baki eru kvenpersónurnar sem orðið hafa til á hvíta tjaldinu ófáar og oft á tíðum ógleymanlegar. Eftir að hafa skoðað og greint 11 kvikmyndir komst ég að því að konur í íslenskum kvikmyndum einkennast að því að vera dularfullar, sterkar, kynferðislegar og hættulegar. Tilgangur með þessu verkefni var einnig að kanna hver staða kvenleikstjóra sé hérlendis. Til þess að athuga það tók ég viðtöl við helstu forsprakka kvenna í íslenskri kvikmyndagerð og lagði fyrir þær nokkrar spurningar. Lítið sem ekkert hefur verið skrifað um konur í íslenskum kvikmyndum og fátt um skriflegar heimildir. Þessi ritgerð er því einskonar rannsókn á frumstigi. Það er vonandi að fleiri taki til við að rannsaka og skrifa um þetta efni og að konur taki að sér leikstjórn í auknum mæli í íslenskum kvikmyndum.

## **Efnisyfirlit**

1. Inngangur	1
2. Verkefnið	1
3. Myndirnar	2
<b>I. Fyrri hluti</b>	<b>5</b>
4. Karlaveldið í <i>Mýrin</i> (2006)	16
5. Niðurstaða fyrri hluta	18
<b>II. Seinni hluti</b>	<b>18</b>
6. Niðurstaða seinni hluta	24
7. Lokaorð	26
<b>Heimildaskrá</b>	<b>28</b>

## 1. Inngangur

Það gegnir furðu hversu fáar konur hafa sett svip sinn á kvikmyndir og kvikmyndagerð, bæði úti í hinum stóra heimi og hér á Íslandi. Hvernig væri kvikmyndaiðnaðurinn ef konur hefðu leikstýrt kvikmyndum til jafns við karlmenn? Því verður ekki neitað að Hollywood hefur verið helsti kvikmyndamiðill okkar Íslendinga síðustu áratugi og þar á bæ eru karlmenn í miklum meiri hluta þegar kemur að leikstjórn. Áhrifamáttur Hollywood er mikill og ungir leikstjórar um víða veröld líta upp til kvikmynda eða leikstjóra frá Hollywood. Það væri því fróðlegt að vita hvort íslenskir kvenleikstjórar líti til Hollywood, eða beini sjónum sínum frekar að Evrópu? Þá er forvitnilegt að kanna hvernig konur birtast sem persónur í íslenskum kvikmyndum og einnig hvernig það er að vera kona í kvikmyndagerð á Íslandi. Leitast verður við að svara þessum spurningum í þessari ritgerð. Kvikmyndasaga okkar er stutt en samt sem áður tel ég það verðugt rannsóknarverkefni að athuga hvernig konur hafa sett mark sitt á kvikmyndagerð á Íslandi.

## 2. Verkefnið

Ef lítið er á þær 134 leiknu íslensku kvikmyndir í fullri lengd sem frumsýndar hafa verið hér á landi frá stofnun Kvikmyndasjóðs 1980 má segja að konur setji mark sitt á 20 kvikmyndir, ýmist sem viðfangsefni eða sem stjórnendur og höfundar. Það eru aðeins tæp 15 %<sup>1</sup>. Hver er þróunin varðandi leikstjórn kvenna í dag? Eru þær að sækja í sig veðrið eða hallar ennþá frekar á þær? Hér verður þáttur kvenna skoðaður á tvennan hátt, annars vegar konur sem viðfangsefni (konur í mikilvægum hlutverkum, konur sem yrkisefni) og hins vegar konur sem stjórnendur kvikmynda (framleiðendur, höfundar, leikstjórar). Í fyrri hluta ritgerðarinnar verður fjallað um konur sem viðfangsefni í íslenskum kvikmyndum og reynt að greina myndirnar út frá þremur sjónarhornum. Í seinni hlutanum verður fjallað um konur sem stjórnendur í íslenskum kvikmyndum og byggji ég þar á viðtölum við leikstjóra og aðra sem hafa sett mark sitt á íslenskar kvikmyndir.

---

<sup>1</sup> „heildarlisti íslenskra kvikmynda“, *kvikmyndir.is*

### 3. Myndirnar

Af þeim 134 kvikmyndum sem hér hafa verið frumsýndar, ákvað ég að velja úr 11 kvikmyndir sem ég tel nauðsynlegt að skoða fyrir þetta lokaverkefni. Kvikmyndirnar sem urðu fyrir valinu eru þessar:

*Punktur punktur komma strik* (1981), leikstjóri er Þorsteinn Jónsson. Fylgst er með Andra þegar hann er aðeins smástrákur. Lífið er einfalt og boltaleikir eru tíðir í miðbænum. Myndin þróast síðan út í það að Andri og vinir hans eru orðnir unglingar og myndin verður hálfgerð unglingamynd þar sem strákarinn er að eltast við stelpurnar. Skyndilega umturnast líf Andra þegar æskuást hans og kærasta drukknar í skólaferð.

*Með allt á hreinu* (1982), leikstjóri er Ágúst Guðmundsson. Hljómsveitirnar Gærurnar og Stuðmenn eiga í harðri samkeppni á tónleikaferðalagi um landið. Kristinn „stuð“ Styrkársson Proppé, leikinn af Agli Ólafssyni, og Harpa Sjöfn Hermundardóttir, leikin af Ragnhildi Gísladóttur, hafa slitið sambandi sínu en ástin á milli þeirra er hvergi horfin. Rétt áður en þau sættast í lokin er Kristinn dreginn til Danmerkur í leit að frægð og frama.

*Húsið* (1983), leikstjóri er Egill Eðvarðsson. Björg, leikin af Lilju Þórisdóttur og Pétur, leikinn af Jóhanni Sigurðssyni, eru í leit að íbúð en það gengur erfiðlega. Pétur er tónlistarmaður og þarf næði til þess að vinna verk sín en Björg vinnur í skóla fyrir heyrnarskerta. Eftir mikla leit finna þau hið fullkomna hús, en ekki er allt með felldu. Í draumum kemst Björg að dularfullum atburðum tengdum fyrri íbúa hússins. Pétur fær inngöngu í tónlistarskóla í útlöndum og dvelur þar í fimm vikur. Á meðan bíður Björg eftir honum heima en húsið heldur áfram að vakna til lífs. Björg reynir að komast til botns í málinu varðandi húsið. Þegar Pétur snýr heim frá útlöndum fær hann vondar fréttir.

*Skilaboð til Söndru* (1983), leikstjóri er Kristín Pálsdóttir. Jónas, leikinn af Bessa Bjarnasyni, fer upp í sveit til að skrifa handrit fyrir kvikmynd um Snorra Sturluson sem framleiða á Ítalíu. Jónas fær til sín Söndru sem hjálparkonu sem á að sjá um mat, þvott og fleira á góðum launum. Sandra er leikin af Ásdísi Thoroddsen. Rólegheitin í sveitinni verða að martröð þegar ungir ólátaseggir sem eiga í sambandi við Söndru taka yfir bústaðinn þar sem Jónas dvelur. Málin flækjast þegar Jónas verður uppvís að

framhjáaldi eftir að hafa tekið þátt í kynsvalli með gamalli vinkonu sinni. Sandra lætur sig hverfa og kvikmyndahandritið er óklárað. Jónas flýr til Grikklands þar sem hann er með Söndru á heilanum og hyggst fá hana til sín.

*Atómstöðin* (1984), eftir skáldsögu Halldórs Laxness, leikstjóri er Þorsteinn Jónsson. Óttinn við kjarnorkustyrjöld er bakgrunnur myndarinnar þegar Ugly, leikin af Tinnu Gunnlaugsdóttur, gerist ráðskona hjá Búa Árland, sem leikinn er af Gunnari Eyjólfssyni. Búi er stjórnmalamaður og snúast deilurnar í landinu um það hvort byggja eigi bandaríska herstöð eða „atómstöð“ hér á landi. Búi fellur fyrir sveitastúlkunni Ugly en Frú Árland, kona Búa, fyrirlítur Ugly algjörlega og kemur fram við hana líkt og hund. Hin friðsæla og hjartgóða Ugly lendir í klóm manna sem reyna að misnota hana en hún kynnist ástinni í lífi sínu meðal mótmælenda atómstöðvarinnar.

*Stella í orlofi* (1986), leikstjóri er Þórhildur Þorleifsdóttir. Georg, leikinn af Gesti Einari Jónassyni, ætlar að fara í laxveiðitúr með viðskiptavini sínum frá útlöndum en er í raun að halda framhjá Stelli konu sinni með danskri stelpu. Georg meiðist og því tekur Stella, leikin af Eddu Björgvins við og sækir „viðskiptavin“ Georgs á flugvöllinn. En hún veit ekkert af framhjáaldi eiginmanns síns og tekur óvart Salomon, leikinn af Þórhalli Sigurðssyni, upp í bílinn og þau aka af stað í sveitina. Gríðarlegt ævintýri á sér stað í sumarbústaðnum sem þau dvelja í og endar myndin á því þegar Lionsklúbburinn Kiddi og flugstjórar syngja saman eftir mikil átök vegna laxveiða.

*Kristnihald undir Jökli* (1989), leikstjóri er Guðný Halldórsdóttir. Myndin er gerð eftir skáldsögu Halldórs Laxness sem kom út árið 1968. Umbi, leikinn af Sigurði Sigurjónssyni, er sendur af biskupi Íslands til þess að athuga stöðu Séra Jóns Prímus, sem leikinn er af Baldvini Halldórssyni. Séra Jón hefur neglt fyrir kirkju þorpsins ásamt því að framkvæma engar jarðarfirir, skírnir eða brúðkaup í nokkur ár. Umbi kynnist svo Úu, leikna af Margréti Helgu Jóhannsdóttur, sem er fyrrverandi kona Séra Jóns. Ekki er allt með feldu því Úa átti að hafa breytt sér í fisk fyrir mörgum árum og var fiskurinn grafinn uppi á Snæfellsjökli. Umbi verður heltekinn af Úu sem hverfur og endar myndin á því að Umbi flýr gamalt hús í mikilli rigningu, allt hið undarlegasta þarna á ferð.

*Ingaló* (1992), leikstjóri er Ásdís Thoroddsen. Ingaló, leikin af Sólveigu Arnarsdóttur, er ung kona sem vinnur í fiski. Hún kynnist Skúla, (Ingvar E. Sigurðsson), sem berst fyrir því að aðstæður sjómanna verði bættar verulega. Maðkar og úldnir þorskshausar í

híbýlum þeim sem sjávarútvegsfyrirtækið útvegar fólkinu er það sem fyllir mælinn. Vilhjálmur, leikinn af Þorláki Kristinssyni (Tolla), eigandi skipsins Matthildar sem Skúli vinnur á, ákveður að láta sökkva því þegar það er í miðjum veiðitúr. Ekki vita þeir af því að bróðir Ingulóar, Sveinn, (Haraldur Hallgrímsson), er um borð í skipinu sofandi. Hann er sá eini sem ferst með skipinu.

*Djöflaeyjan* (1996), leikstjóri er Friðrik Þór Friðriksson. Baddi, leikinn af Baltasar Kormáki, heimsækir móður sína í Bandaríkjunum og kemur tilbaka gjörbreyttur maður. Leðurjakki, sólgleraugu, Elvis hárgreiðsla og bandarískar kvikmyndaslettur gera Badda að vinsælasta stráknum í braggahverfinu. Bróðir Badda, Danni, leikinn af Sveini Geirssyni, er algjörlega í skugga bróður síns en verður ástfanginn af nágretta sínum Hveragerði, leikin af Pálinu Jónsdóttur. Á meðan Baddi og félagar hans eru á fylleríum lærir Danni að verða flugmaður. Baddi og Hveragerður gifta sig en Baddi heldur áfram að drekka og vera með skrúlsæti. Danni gerist hetja þegar hann bjargar fólki út á landi með flugvélinni sinni og kemst í blóðin. Baddi fellur því í skugga bróður síns í fyrsta sinn og er í raun orðinn alkahólisti. Brak úr flugvél finnst við fjall úti sveit og reynist það vera vél Danna sem hafði hrapað og hann látist. Fjölskyldunni er skipað að yfirgefa braggann sem er rifinn niður á áhrifaríkan hátt. Baddi heldur enn í Elvis greiðsluna og sitt drykkfellda líferni og verður í raun ámátlegur lúser sem hann lifir í draumi.

*Ungfrúin góða og húsið* (1999), leikstjóri er Guðný Halldórsdóttir. Myndin er byggð á skáldsögu Halldórs Laxness sem kom út árið 1933. Mikið hefur verið ger til að finna ríkan mann að sunnan fyrir Rannveigu, leikin af Ragnhildi Gísladóttur, en hún neitar þeim öllum. Systir Rannveigar Þuríður, leikin af Tinnu Gunnlaugsdóttur, sér um það að vernda heiður hússins en fjölskyldan er vel efnuð. Rannveig er því send í skóla í Kaupmannahöfn þar sem hún kynnist leikaranum Viggó, (Björn Floberg), sem hafði einnig átt vingott við Þuríði systur hennar áður fyrr. Viggó barnar Rannveigu og kemur hún ólétt til Íslands. Þar með hefur hún stofnað heiðri hússins í hættu. Þá lýgur Þuríður að bæjarfólkinu að Rannveig hafi kynnst verðugum dönskum karlmanni sem hafi látist. Á meðan Rannveig fer í brúðkaup ásamt fjölskyldu sinni, stelar Þuríður barni hennar og fer með það til Danmerkur. Hún skilur barnið eftir á munaðarleysingjaheimili og hittir aftur fyrrverandi ástina sína, Viggó. Rannveig fyrirgefur aldrei systur sinni og heiður hússins fer ört dvínandi eftir því sem á líður myndina.



*Mávahlátur* (2001), leikstjóri er Ágúst Guðmundsson. Myndin er gerð eftir skáldsögu Kristínar Marju Baldursdóttur sem kom út árið 1995. Freyja, leikin af Margréti Vilhjálmsdóttur, er nýkomin heim frá Bandaríkjunum með sjö fullar ferðatöskur af litríkum nýtískulegum fötum. Heimilið er fullt af kvenfólki og er Agga, Uгла Egilsdóttir, yngst kvennanna, ekki sátt við að Freyja fái herbergið hennar. Við fylgjumst með söguþræðinum út frá sjónarhóli Öggu. Hún fer í hálfgera rannsóknarhlutverk og kannar ferðir Freyju sem hún telur að myrði karlmenn og dansi við álfa. Freyja giftir sig en fréttir það fljótlega að eiginmaður hennar hafi haldið framhjá. Stuttu seinna finnst hann látinn á heimili þeirra en lögreglan álitur það vera slys, en ekki er allt sem sýnist. Agga fer til Magnúsar (Hilmir Snær Guðnason) sem er lögregluþjónn og segir frá því hvernig Freyja drap eiginmann sinn með því að berja hann með flaggstöng í höfuðið eftir stymplingar þar sem hann hafi reynt að draga hana með sér með valdi. Magnús trúir í fyrstu ekki þessari sögu Öggu en í lokin ákveður hann að yfirheyra allar konurnar sem voru í húsinu þetta örlagaríka kvöld.

## **I. Fyrri hluti**

Myndirnar drógu upp ákveðna niðurstöðu sem skiptist niður í þrjú sjónarhorn. Sjónarhornin verða útskýrð hvert fyrir sig en þau útskýra það sem einkennir íslensku konuna í kvikmyndum Íslendinga. Sjónarhornin þrjú eru þessi:

- sterkar/sjálfstæðar
- dularfullar/dulrænar
- kynferðislegar/hættulegar

### **Sterkar/sjálfstæðar:**

Íslendingar geta státað sig af sterkum kvenpersónum í gegnum tíðina, ýmist í sögum, stjórnmálum eða í hefðbundnu borgaralegu hlutverki. Það kemur því ekki á óvart að kvenpersónurnar í þeim kvikmyndum sem litið var á voru flestar harðar í horn að taka. Í flestum tilvikum eru þær fjárhagslega sjálfstæðar, þær lifa ekki af körlum sínum heldur vinna þær fyrir sér sjálfar.

Þótt konur setji ekki mikinn svip á kvikmyndina *Punktur punktur komma strik* er ljóst að móðir Andra, leikin af Kristbjörgu Kjeld, er sterki aðilinn í fjölskyldunni. Hún er

greinilega best gefin og karlarnir eru svolitlar lufsur. Fjölskyldufaðirinn, leikinn af Erlingi Gíslasyni, vinnur hjá Kananum uppi á Velli og frúin er ekki hrifin af því. Á einum stað leiðréttir hún málfar bæði sonar síns og eiginmanns þegar hvorugur þeirra fer rétt með sögnina að hlakka til. Andri segir: „Mér hlakkar til..“ og faðir hans leiðréttir og segir: „Mig hlakkar til...“ en þá tekur móðirin af skarið og leiðréttir þá báða: „Ég hlakka til...“.

Stelpurnar í *Með allt á hreinu* greina sig frá strákunum með því að nota frumlegar leiðir til að laða að áhorfendur. Þær redda t.d. búningum og leikmunum og nýta þá til að skapa framtíðarlegt sjónarspil, eitthvað sem er í tísku. Tónlistin þeirra er einnig í takt við tímann og nýtur því meiri vinsælda. Strákarnir hinsvegar eru gamaldags og eru í flestum tilvikum undir í baráttunni við Grylurnar. Þeir notast við ófrumlegar aðferðir t.d. töfrabrögð, hæfileikakeppni eða uppistand. Þarna er skýrt dæmi um sjálfstæðar og frjálsar konur sem keyra um sveitir Íslands, algjörlega án hjálpar frá körlum og sigra í raun kapphlaupið gegn Stuðmönnum.

Í *Skilaboð til Söndru* sinnir Sandra vinnu sinni ekki eins og til er ætlast. Hún eldar t.d. alltaf pylsur þótt hún fái nægan pening til að versla í matinn. Þetta gefur í skyn að hún nenni ekki að matreiða fyrir Jónas. Í flestum tilvikum er Sandra að gera eitthvað allt annað en að hjálpa Jónasi sem er að reyna að skrifa handrit. Sandra er gjarnan úti í móa að dunda sér og hún spilar sig sem hálfgerðan hippa. Jónas hefur ekkert vald yfir henni sem undirstrikast þegar Kobbí vinur Söndru kemur, en hún hefur þá boðið honum án leyfis Jónasar til þess að koma og búa með þeim. Eitt kvöldið koma tveir óboðnir gestir og vilja hitta Söndru. Þetta eru vandræðaseggir sem tengjast eiturlyfjasölu. Jónas heillast æ meir af Söndru og verður svo gagntekinn af henni þegar líður á myndina að hann missir allan áhuga á konu sinni, sem er erlendis. Frjálsleiki Söndru er það sem heillar Jónas, hann getur ekki verið henni reiður þrátt fyrir að hún sinni ekki sínum störfum. Sandra sýnir Jónasi ekki mikla virðingu, henni virðist sama um orsakir afleiðingar á yfirborðinu og hegðar sér samkvæmt því. Sandra er sterk og sjálfstæð persóna.

Í kvikmyndinni *Atómstöðin* er Búi Árland giftur frú Árland, leikin af Jónínu Ólafsdóttur. Sú persóna er gríðarlega köld í garð Uglu. Á heimili þeirra heldur frú Árland um stjórnartaumana og þegar hún skipar fyrir er henni hlýtt. Búi Árland þarf að

pola skipanir hennar þrátt fyrir að þær gætu reynst ósanngjarnar. Þessi persóna er sterk því hún stjórnar eiginmanni sínum sem er sjálfur í stjórn málum. Það væri ef til vill týpískt ef Búi Árland ætti undirgefna konu sem hlýddi honum í einu og öllu og skipti sér ekki af hans málum. En að kona hans sé ströng og stjórnsöm gerir hana, þrátt fyrir ofríkið, sterka. Búi Árland ræður einfaldlega ekki við hana, það er undirgefni hans sem veldur þessum skemmtilega viðsnúningi á hinu dæmigerða kynjahlutverki, sem svo algengt er í mörgum hefðbundnum kvikmyndum Vesturlanda.

Stella í *Stella í orlofi* er sterk persóna þar sem hún tekur ákvarðanir gegn vilja eiginmanns síns Georgs. Hún fer upp í bústaðinn á meðan hann liggur rúmfastur eftir slys. Stella leiðréttir einnig Georg þegar hann segir „mér langar“, en það gerir hún fyrir framan börnin þeirra sem þá í raun lítillækkar Georg. Í lok myndarinnar, þegar upp kemst um framhjáald Georgs, er honum hent út úr sinni eigin bifreið. Georg býst við því að Stella taki sig aftur en hún keyrir í burtu og hefur þar með yfirgefið hann fyrir fullt og allt. Stella er sterk og ákveðin persóna þar sem hún þarf að meðhöndla eiginmann sinn sem er bæði ótrúur og gríðarlega klaufskur. Það er hægt að líta á myndina þannig að Stella sé fráskilin kona með börnin sín því maðurinn hennar kemur lítið sem ekkert við sögu. En þegar Georg kemur í mynd þá kemur það í ljós að hann sé að halda framhjá. Það liggur í loftinu að samband þeirra sé búið og því Stella einstæð og frjáls í ferðalagi sínu um landið. Hún stofnar fyrirtæki í lokin „Íslensku sjökkstöðina“ sem býður upp á nýjungar í áfengismeðferð. Stella er bæði sterk og fjárhagslega sjálfstæð persóna. Hún þarf að þola klaufskan og ótrúan eiginmann og stofnar sitt eigið fyrirtæki.

Ingaló er athyglisverð persóna og fellur hún undir þennan lið þar sem hún er ekki bundin manni og slítur sig frá fjölskyldunni. Ingaló er frjáls ferða sinna þegar hún ákveður að hætta að vinna hjá pabba sínum í fiski og áráður að fara á annað skip. Það að Ingaló lætur sig hverfa án þess að láta fjölskyldu sína vita bendir til þess að hún sé ævintýragjörn og vilji lifa lífinu lifandi. Ingaló berst fyrir betri starfsskilyrðum fyrir sjómenn og það er fyrir hennar tilstilli að yfirmenn bátsins Matthildar setjast niður við samningaborðið.

Þegar eldur kviknar í stofunni hjá þeim í bragganum í *Djöflaeyjunni*, hlaupa þeir Baddi og Tómas, leikinn af Gísla Halldórssyni, inn í eldhús að ná í vatn til að slökkva bálið. Karólína, leikin af Sigurveigu Jónsdóttur kemur þá til hjálpar og hrifsar hún af þeim

stóran bala fullan af vatni og slekkur eldinn. Þarna kemur ein gömul kona og tekur við verki af tveimur hraustum karlmönnum. Í sögunni og kvikmyndinni er Karólína mikilvæg persóna þar sem hún er ákveðin við Tómas og stjórnsöm. Gamaldags hugsunarháttur og hjátrú Karólínu gera hana gamansama þrátt fyrir að hún sjálf sé graf alvarleg. Tilburðir hennar í slökkvistarfinu sýnir fram á það að hún treystir ekki Badda og Tómasi við það að ráða niðurlögum eldsins.

Rannveig í *Ungfrúin góða og húsið* vill verða sjálfstæð með því að vinna fyrir sér. Hún vill mennta sig en ekki sitja heima og gera ekki neitt, eins og hún segir orðrétt. Það er reiknað með því að Rannveig kynnist ungum og efnuðum manni sem taki að sér það hlutverk að sjá um hana og fjölskylduna. Rannveig gefur það skírt í ljós að hún hafi engan áhuga á körlum að sunnan og neitar þeim öllum. Rannveig tekur ákvarðanir sem fara þvert gegn hugmyndum fjölskyldunnar, t.d. þegar hún giftist „minnipokamanninum“ Hans, leikinn af Reine Brynolfsson. Þuríður er andstæða hennar, þær eru sem svart og hvítt. Þuríður er gift menntamanninum Birni, leikinn af Agli Ólafssyni, sem hjálpar til við að halda heiðri hússins uppi. Rannveig er sýnd sem kær og hugljúf manneskja en Þuríður grimm og miskunnarlaus þegar kemur að því að vernda heiður hússins. Þuríður skipar manni sínum til verka og sendir hann á staði sem hann vill með engu móti fara til. En þar sem hún er harðákveðin manneskja þá hlýðir hann henni. Systurnar eru sterkar og frjálssar sinnar ferða, þær hlýða ekki skipunum karla.

Í byrjun kvikmyndarinnar *Mávahlátur* er Freyja einhleyp, eiginmaður hennar er dáinn. Freyja vill lítið sem ekkert tala um fyrrverandi eiginmann sinn og gengur um göturnar geislandi af gleði. Þrátt fyrir að Freyja sé í leit að karli þá er hún lengst af ein á ferð með fjölskyldunni eða vinkonum sínum. Freyja er sterk og sjálfstæð persóna. Hún er ekki bundin karlmanni í þeim skilningi að hann setji hana í visst hlutverk til að þjóna sér eða fjölskyldunni. Freyja gerir það sem henni sýnist og lætur engan stoppa sig, hún frelsar jafnframt vinkonu sína frá drykkfelldum og ofbeldisfullum eiginmanni. Agga er sterk persóna en það kemur fram þegar hún er að tala við Magnús. Hann fær nóg af sögum Öggu og biður hana um að hætta með hvössum tón. Agga lætur viðvörun hans sem vind um eyrun þjóta, hún heldur áfram að rannsaka Freyju og er algjörlega ein á báti í þeim efnum. Hún stendur á sínu og er harðákveðin í þeirri skoðun að Freyja sé ekki öll sem hún sýnist. Hegðun Öggu á heima í sterkar/sjálfstæðar því hún liggur aldrei á sínum skoðunum.

## Dularfullar/dulrænar

Í fimm kvikmyndum af þeim 11 sem greindar eru, er þessi liður áberandi, eða sem nemur 41%. Það sem átt er við hér er að konur eru sýndar sem dularfullar eða dulrænar persónur, þær eru ýmist sjálfar óræðar, eða vitna um eitthvað yfirnáttúrulegt, s.s. framliðnar mannverur, álfa eða huldufólk.

Ingaló sér framliðinn bróður sinn Svein er hún vaknar upp við það að hann gengur framhjá henni rennblautur inní eldhús rétt eftir að skipið Matthildur sökk. Þegar hún reynir að fylgja honum eftir hverfur hann. Þar með flokkast *Ingaló* undir þennan lið.

Sandra í *Skilaboð til Söndru* er dularfull persóna og erfið viðureignar. Hún talar í daufum tón og virðist andlega fjarlæg á meðan hún dvelur í sveitinni. Það má halda því fram að hún hafi lent í vandræðum í borginni og sé að koma sér aftur á rétta braut í lífinu. Hún trúir á það yfirnáttúrulega og notast við austurlenska dulspeki þegar hún leggur prik saman og spyr *I Ching*<sup>2</sup>. Það er eins og að Sandra svífi um sveitina og birtist þegar henni hentar. Hún lætur sig síðan hverfa í lok myndarinnar og fáum við ekkert að vita um afdrif hennar. Því er Sandra líkust vofu, hún er svipbrigðalaus og það er erfitt fyrir áhorfendur að skilja hvernig henni líður. Þegar ólátabelgirnir koma í bústaðinn þá sýnir Sandra engin viðbrögð og lætur eins og ekkert hafi gerst. Á meðan þeir brjóta og bramla hluti í bústaðnum hverfur hún á braut. Sandra tekur enga ábyrgð í starfi sínu fyrir Jónas og vonast til að auðnin og næðið í náttúrunni hjálpi sér við að finna ró í lífinu sínu.

Úa í *Kristnihald undir Jökli* er dulræn persóna. Sagan hennar í skáldsögu Halldórs Laxness er mikil og flókin en sögur af konum úr ætt Úu segja það að þær eldist aldrei heldur hverfa einn góðan veðurdag, þær sjást aldrei borða en eru alltaf saddar, þær þvoi sér aldrei en eru ávallt hreinar og þær sjást aldrei sofa. Ung að árum giftist Úa Séra Jóni Prímus en vinur hans Dr. Godman Sýngmann, kallaður Mundi Mundason, tók Úu með sér sem hét upprunalega Guðrún Sæmundsdóttir. Dr. Godman hafði þá keypt Úu af Séra Jóni og ættleiddi hana. Dr. Godman sendi Úu í nunnuskóla í París en mörgum árum seinna flutti Úa til Suður Ameríku og stóð fyrir skemmtihúsi, sem var í raun hóruhús. Henni leiddist það og gekk í klaustur á Spáni þar sem hún var kölluð Elena. Eftir stutta

---

<sup>2</sup> Austurlenska dulspekin sem Sandra notast við er *I Ching (Book of Changes)*

dvöl þar færði hún sig enn á ný yfir til Norður Ameríku og átti þar börn en þau fórust af slysförum. Því næst var leiðinni haldið til Perú þar sem hún þrjónaði sjóvettlinga sér til framfærslu. Úa hélt svo heim þegar hún frétti af því að Dr. Godman hafði látist. Það er talað um Úu líkt og goðsögn sem hafði flúið sveitina. Séra Jón Prímus hefur ekki áhuga á konu sinni og fyrir honum er hún dáin. Úa var í burtu frá Séra Jóni í meira en þrjátíu ár en birtist skyndilega þegar verið er að reyna að komast að því hvað sé í kassanum dularfulla sem hafði verið grafinn uppá jökli. Umbi verður gagntekinn af Úu sem svo leikur sér með hann. Hann eltir hana um allt en hún lætur sig hverfa um leið og hann lokar augunum. Í lokin fara þau saman á bíl Dr. Godman að bænum Neðratraðakoti, en þar bjuggu foreldrar Úu og sjálf er hún þaðan. Úa biður Umba að verða eftir í bílnum á meðan hún fer inn í húsið. Eftir að hafa beðið út í bíl í dágóðan tíma fer Umbi inn að skyggjast um eftir henni en þá er Úa horfin. Það eina sem Umbi heyrir er ógnvænlegur hlátur hennar sem bergmálar um allt húsið, Umbi hleypur dauðskelkaður út í óveðrið og þannig endar myndin. Úa er líkt og goðsögn sem fátt er vitað um, hún eldist ekki og sést aldrei gera mannlega hluti.

Önnur athyglisverð kona á bænum er Hnallþóra, leikin af Kristbjörgu Kjeld, en hún er ráðskona Séra Jóns. Hnallþóra var þekkt fyrir það að baka mikið af kökum og hella upp á ódrekkandi kaffi. Þegar Umbi kemur í sveitina tekur hún á móti honum. Þegar þau ræða saman gerast tvö atvik sem flokka Hnallþóru undir dulræna/dularfulla. Fyrra atvikið er þegar Hnallþóra gengur í eldhúsið á meðan Umbi er að taka við hana viðtal fyrir skýrslu sína, en á örskammri stundu kemur hún út um aðrar dyr úr allt annarri átt. Furðu lostinn horfir Umbi inn í eldhúsið til þess að athuga hvort að brögðum hafa verið beitt gegn sér. Seinna atvikið á sér stað þegar Umbi spyr Hnallþóru hvort hún hafi séð eitthvað skrítið á bænum, þá byrjar Hnallþóra að þylja upp sögu af sér þegar hún stytta sér leið yfir jökulvörpin ung að árum. Þá birtist henni mórauður hrútur og sló á hann gylltum bjarma þar sem hann stóð grafkyrr og starði á hana. Hún hafði aldrei verið svona hrædd og hélt að hún myndi verða að steini. Umbi segir þá að þetta hafi greinilega verið hulduhrútur. Hnallþóra sér hefðbundinn hrút en tengir hann við eitthvað afbrigðilegt og ógnvekjandi. Kvenpersónurnar í Kristnihald undir Jökli eru flestar dulrænar og hafa dularfullar sögur að segja.

Karólína er spákona í kvikmyndinni *Djöflaeyjan*. Hún er dulræn persóna því hún sér fyrirbæri sem aðrir sjá ekki. Hlutir eins og kerti er fyrir henni draugar fortíðarinnar og

vítisvélar frá andskotunum. Hún sér framliðið fólk og vaknar á undan öllum þegar eldurinn kviknar í húsinu. Hennar yfirnáttúrulega gáfa bjargar fjölskyldunni frá því að brenna inni. Hún særir líka brennivínspúkann úr Tómasi og telur að illir andar drekki í gegnum þessa menn. Hún byrjaði særingar á Tómasi sem lá dauður í sófanum en skaust þá púkinn upp og ekki vissi hún hvar hann lenti, líklegast í honum Badda sem lá í vöggum sinni. Karólína er með sterkar skoðanir á Bandaríkjunum en hún biður Vesturfarana að gæta sín á hórur og glæpahyski en hún kallar hórur typpanámur. Það má jafnvel halda því fram að Karólína sjái fram í framtíðina. Áhyggjur hennar af Badda í Bandaríkjunum eiga við röklegan stuðning því hann kemur tilbaka gjörbreyttur og helgar lífi sínu að töffarastælum frá Bandaríkjunum.

Björg í kvikmyndinni *Húsið* upplifir í draumum sínum atburði fyrrum eiganda hússins sem hún býr í. Hlutir í húsinu hafa áhrif á hana og tengjast henni í draumi sem og veruleika, t.d. skoppar gamall bolti ungrar stúlku niður tröppurnar í húsinu. Hún sér þennan bolta bæði í draumum sínum og veruleika. Boltinn er einnig á ljósmyndum sem tilheyrir fyrri ábúendum hússins. Björg upplifir skelfinguna og óttann sem hafði einkennt húsið áður fyrr. Fyrri eigandi hússins hafði verið miðill sem varð uppvís um svik; hafði hann notað segulbandstæki með barnsgráti til þess að sanna að hann væri gæddur yfirnáttúrulegum skyggigáfum sem gæti komist í samband við hina látnu. Miðilsfundirnir úr fortíðinni ná að koma skilaboðum sínum til Bjargar í gegnum drauma hennar. Þegar Pétur fer í skóla í útlöndum er Björg ein í húsinu sem gerir hlutina verri. Hún höndlar ekki að vera þarna ein og verður að komast að því hvað hafði átt sér stað í húsinu. Björg er dulræn persóna þar sem hún ein virðist upplifa þessa drauma. Pétur kvartar aldrei undan húsinu og vinnur þar á næturnar án áreitis af nokkru tagi.

### **Kynferðislegar/hættulegar**

Framhjáhald er býsna algengt fyrirbæri í íslenskum kvikmyndum en í þessum 11 kvikmyndum sem hér eru greindar eru 7 sem innihalda framhjáhald, sem gerir 58 %. Það segir ekki endilega að framhjáhald sé algengara hér á landi en annars staðar, en það bendir til þess að íslenskir kvikmyndagerðarmenn taki framhjáhald, glæpi og annað afbrigðilegt atferli frekar til umfjöllunar en slétt og fellt borgaralegt líferni hversdagsins.

Eftirtaldar kvikmyndir fjalla um framhjáhald, kynferðislega frjálssar og/eða hættulegar konur.

Ingaló á erfitt með að hemja skap sitt og telur sálfræðingur hennar upp þau fjöldamörg skipti sem hún hefur beitt fólk ofbeldi fyrir litlar sakir. Ingaló lætur því engan vaða yfir sig einsog sýnt er í atriði þegar hún stofnar til hópslagsmála á skemmtistað vegna afbrýðisemi. Ingaló er hættuleg persóna þar sem hún hefur verið ofbeldisfull frá því í æsku og berst við karla af öllu afli.

Þuríður í *Ungfrúin góða og húsið* tekur barn systur sinnar og fer með það á munaðarleysingjahæli í Danmörku. Þetta gerir hún til þess að koma í veg fyrir slæmt orðspor heimilisins. Barnið eignaðist Rannveig eftir einnar nætur gaman með dönskum leikara sem Þuríður sjálf hafði átt vingott við mörgum árum áður. Með hjálp afbrýðissemi og spillingar þá umturnar Þuríður lífi systur sinnar. Vegna þessara aðgerða telst Þuríður hættuleg, hún tekur barn systur sinnar í leyfisleysi og gefur það frá sér.

Í *Mávahlátur* er það er gefið í skyn að Freyja hafi drepið eiginmann sinn. Hún kynnist öðrum manni að nafni Björn Theódór, leikinn af Heino Ferch, á Íslandi og giftist honum. Dauði Björns á sér stað stuttu eftir að uppljóst varð um framhjáhald hans. Í þeirri senu er Björn drukkin og reynir með afli að taka Freyju með sér heim í annarlegu ástandi. Freyja grípur til örþrifaráða og ber hann í höfuðið með fánastöng með þeim afleiðingum að hann deyr. Freyja er því hættuleg persóna eftir að hafa orðið tveim eiginmönnum að bana í sínu lífi; það virðist því vera að þeir sem eru henni ótrúir fái sín maklegu málagjöld.

Í *Skilaboð til Söndru* gengur Sandra nakin um í sveitinni og sefur hjá Jónasi sem er mörgum árum eldri en hún. Sandra talar um framhjáhald og kemur því í hausinn á Jónasi að það sé í lagi að sofa hjá á meðan maður er í sambandi eða giftur. Önnur kynferðisleg persóna í myndinni er Eyrún, leikin af Bryndísi Schram. Þegar við sjáum hana fyrst reynir hún að tæla Jónas með sér heim þrátt fyrir að vera gift sjálf. Hún og eiginmaðurinn taka upp klámmynd sem Jónas leikur óvart í heima hjá þeim hjónunum. Kona Jónasar kemst að því að maðurinn hennar hafði tekið þátt í klámmynd og verður að sjálfsgöðu fokill út í Jónas. En þegar Jónas verður skyndilega veikur þá fyrirgefur hún honum og vill halda áfram samlífinu með honum einsog ekkert hafi í skorist. Jónas tekur það ekki í mál og stingur af til Grikklands þar sem hann vonast eftir að fá Söndru til sín aftur.



*Atómstöðin* er flokkuð í þessum lið þar sem Búi Árland er alla myndina gagntekinn af Uglu þegar hún er að vinna á heimili þeirra. Það er greinilegt að Búi Árland er spenntari fyrir Uglu en eiginkonu sinni og koma nokkur atriði þar sem Uglu og Búi eru í afar nánnum samskiptum. Þrátt fyrir að þau tvö stundi ekki kynlíf þá er hægt að flokka samband þeirra sem framhjáald. Tilfinningalegt framhjáald (e. emotional affair) má útskýra þannig að maki fullnægi tilfinningaþörfum sínum fyrir utan hjónabandið í öðru sambandi. Í tilfinningalegu framhjáaldi er viðkomandi manneskja nánari aðilanum í þessu nýja sambandi og getur þar með upplifað vaxandi kynferðislega spennu. Þeir sem halda framhjá með þessum hætti halda að þeir séu blásaklausir sökum skorts á kynferðislegu samlífi, en makar þeirra líta á tilfinningalegt framhjáald sem jafn eyðileggjandi og líkamlegt. Mikið af þeim sársauka og skaða frá tilfinningalegu framhjáaldi er sökum blekkingar, lyga og þeirrar tilfinningar að vera svikinn<sup>3</sup>.

Þegar Pétur fer til útlanda í kvikmyndinni *Húsið* til þess að stunda nám í fimm vikur, verður Björg eftir heima. Björg verður að treysta því að Pétur verði sér trúr og geri ekkert af sér. Samband þeirra er raunverulegt með raunverulegum vandamálum sem þau verða að ráða fram úr en þegar Pétur fer burt á sér stað ákveð rof. Sambandið er í þágu þessarar fimm vikur. Pétur skemmtir sér og við sjáum hann blikka stúlku á skemmtistað. Í næsta skoti vaknar hann daginn eftir með stúlkuna í rúmi hjá sér, bæði eru þau nakin. Pétur hefur gert það sem Björg var hræddust um. Framhjáald hefur átt sér stað og Pétur er ótrúr Björgu. Þetta uppátæki Péturs hefur sínar afleiðingar, hann á í erfiðleikum með námið og þetta atvik truflar einbeitingu hans. Björg sést aldrei ræða við annan karlmann og heldur hún sig heima við eða hittir foreldra sína. Hún heldur ennþá í sambandið og bíður eftir Pétri en hann notar fjarlægðina sem ákveðið tækifæri til þess að slíta sig frá veruleikanum á Íslandi.

Framhjáald er eitt af aðal atriðum kvikmyndarinnar *Stella í orlofi*. Georg hringir í frillu sína til Danmerkur og þaulskipuleggur ástarferð þeirra í sveitina. Þau hjónin fara svo í veislu þar sem fjórir karlar ásamt Georg deila framhjáaldssögum sínum. Stella heyrir samtal þeirra og kemst að því að maður hennar sé að fara í laxveiðitúr. Georg leynir því fyrir mönnunum að ferðin sé í raun aðeins átilla til þess hitta viðhaldið. Í veislunni skiptast konurnar og karlarnir í hópa, konurnar syngja og tala saman um hversdagslega

---

<sup>3</sup> Sheri, „Emotional affairs 101“, *about.com*

hluti á meðan karlarnir skiptast á persónulegum sögum. Í framhaldi af því lætur Georg dólgslega í veislunni þegar hann klípur í afturendann á einni af konunum. Hjónin eru ekki fyrr komin í veisluna en að þau byrja að karpa og fáum við það á tilfinninguna að það hrikti í stoðum hjónabands þeirra. Segja má að Georg hafi byrjað í tilfinningalegu framhjáaldi sem hefur þróast útí að verða kynferðislegt. Viðbrögð Georgs eru athyglisverð þegar hann sér Salomon með Stellu í bústaðnum. Georg reynir að draga athyglina frá sínu eigin framhjáaldi og hellir sér yfir Stellu og Salomon á meðan hans eigið viðhald liggur á gólfinu. Framhjáaldarinn Georg er fullkomlega geldur þegar líkami hans er þakinn gífsi. Hann er fastur á sjúkrahúsi á meðan Stella er frjáls sinna ferða. Georg óttast nýfunduð frelsi konu sinnar sem tekur þá ákvörðun að fara uppí sveit með börnin. Hann rífur sig lausan frá spítalanum til þess að reyna að koma í veg fyrir að Stella komist að framhjáaldinu.

Framhjáald á sér einnig stað í kvikmyndinni *Ingaló* þegar Vilhjálmur sefur hjá aðalpersónunni. Á leið út eftir samneyti þeirra nefnir hann nafn eiginkonu sinnar. Vilhjálmur er töluvert eldri en Ingaló en þau kynntust á spítala. Það er lítið hægt að segja annað um þetta mál en að framhjáald á sér stað, en líkt og í *Skilaboð til Söndru* er það eldri maður sem heillast af yngri konu. Aldrei er talað um eiginkonu Vilhjálms, hún er fjarlæg honum sem og áhorfendum.

Það er áhugavert hvernig Úa er sýnd í *Kristnihald undir Jökli*, en hún birtist fyrst undir lok myndarinnar. Hvernig hún hreyfir sig, talar og hegðar sér er tælandi fyrir karlmennina í myndinni. Þeir elta Úu líkt og skólastrákar og fylgjast grannt með hverri hreyfingu hennar. Umbi fellur fyrir þessari kynþokkafullu hegðun Úu og verður jafnframt dáleiddur af henni. Það er goðsögulegur ljómi yfir henni þegar hún er í mynd. Eftir fyrsta fund þeirra Umba og Úu þá strýkur hún honum um kinnina, næsta dag er hún í seiðandi gegnsæjum náttkjól. Úa lætur sig hverfa og gefur frá sér skelfilegan hlátur sem gerir það að verkum að Umbi hleypur út í rigninguna af ótta. Það er hægt að velta vöngum yfir því hvort að Úa sé að hefna sín eða jafnvel stríða Umba með því að tæla hann og láta sig svo hverfa. Úa hefur verið notuð af karlmönnum alla sína ævi og karlmenn hafa þráð hana síðan hún var ung kona. Umbi, sem ákveðinn sakleysingi, bætist svo í hóp þeirra og því er möguleiki á því að Úa sér að stríða þessum umboðsmanni Biskups.

*Djöflaeyjan* á heima í þessum flokki þar sem Dolly, leikin af Halldóru Geirharðsdóttur, er í kossaflensi með bandarískum hermanni inná herbergi á meðan brúðkaupsveisla stendur yfir. Eiginmaður hennar Grettir, leikinn af Guðmundi Ólafssyni, horfir aðeins á þau tvö og fassar yfir þessu öllu saman. Bandaríski hermaðurinn biður Dolly um að koma með sér til Bandaríkjana en hún segist ekki geta það því að hún sé gift. Dolly er mjög hrifin af Bandaríkjunum og þeirri menningu en hún lítur niður á eiginmanninn sinn sem hún sparkar í og kallar aumingja á meðan hann liggur í drullupolli fyrir framan braggann. Það er táknrænt hvernig bandarísku hermönnum er stillt upp í samanburði við íslenska karlmenn, en þeir bandarísku eru vel greiddir og kurteisir á meðan þeir íslensku eru yfir höfuð klaufalegir og fremur sóðalegir, illa greiddir, í víðum fötum og eiga í erfiðleikum að höndla áfengi. Þessi upphafning á Bandarískri menningu sem hin eina og sanna gerir það að verkum að verkalyðsstéttin á Íslandi lítur illa út. Auðmýkingin er mikil í garð Íslendinga í *Djöflaeyjunni* en þeir virðast alltaf á eftir Bandaríkjamönnum varðandi kvikmyndir, tísku og fleiri afþreyingarmiðla.

Viggó í *Ungfrúin góða og húsið* er giftur maður þegar hann sefur hjá Rannveigu. Konan hans skilur hann ekki að hans sögn. Hún skilur ekki svona djúpan leikara sem og hann ku vera, samkvæmt honum sjálfum. Rannveig verður ólétt eftir Viggó og skrifar til Þuríðar systur sinnar um ævintýrin sem hún hefur upplifað í Kaupmannahöfn. Þuríður fyllist afbrýðissemi þar sem hún sjálf elskar Viggó. Þuríður fer til Kaupmannahafnar í leit að Viggó þrátt fyrir að hún sjálf sé gift Birni. Eftir að Þuríður og Viggó sofa saman reynir Viggó að stinga af á meðan Þuríður sefur en hún vaknar og spyr hvers vegna hann sé að fara. Þegar Viggó útskýrir fyrir henni að konan hans og börn eru að bíða eftir honum er Þuríður látin segja við Viggó sömu endurtekningu á narssisískum yfirlýsingum hans um að konan hans skilji hann ekki. Þá viðurkennir Viggó að hann hafi verið drukkinn þegar hann sagði þetta upphaflega. Viggó er því lýst sem óheiðarlegri bleyðu gagnvart báðum systrunum sem hefur notað sína leikrænu tilburði til þess að komast í bólið hjá þeim.

Þriðja framhjáaldsmálið í þessari mynd er þegar Andrés snikkari, leikinn af Helga Björnssyni, er orðinn ráðþrota sex barna faðir og hefur lítinn sem engan pening á milli handanna. Andrés er heillaður af Rannveigu og spyr fremur vondaufur hvort hægt væri að byrja uppá nýtt í lífinu, með þá fyrirætlun að gefa konuna sína og börn uppá bátinn og hefja nýtt líf með Rannveigu. Rannveig gengur í burtu en stuttu seinna hittast þau

aftur . „Við lifum aðeins einu sinni“ segir Andrés og Rannveig tekur undir það áður en þau fara saman inn í lítinn kofa. Það eru því þrjú framhjáhöld í þessari kvikmynd, þar að auki er Þuríður sýnd lostafull á stefnumóti sínu með Viggó. Í Kaupmannahöfn er hún í sínu fínasta pússi og fer með honum út að borða og á dansleik. Það má því álykta að Þuríður sé kynferðisleg persóna. Hún ætlar sér að ná í Viggó og beitir öllum þeim brögðum sem hún kann til þess að heilla hann, sem og tekst.

Freyja í *Mávahlátri* verður ólétt eftir Björn Theódór en meðan á meðgöngu stendur heldur Björn framhjá henni með annarri konu. Því má jafnvel halda fram að Freyja hafi drepið fyrrverandi eiginmann sinn af þessum sökum. Annað framhjáald á sér stað í sambandi frænku Freyju, Dódó, sem leikin er af Eddu Björg Eyjólfsdóttur og kærasta hennar. Freyja er einnig kynferðisleg persóna, hún er aðal skvísan í bænum og er öfunduð af mörgum. Freyja þarf ekki annað en að gjóa augum á karlana til þess að tæla þá, hún gefur t.d. lögreglumanninum Magnúsi mjög svo áhugavert augnarád. Það er því augljóst að flokka Freyju undir kynferðislega persónu þar sem hún er þokkafull og ber höfuðið hátt í öllu mótlæti.

#### **4. Karlaveldið í *Mýrin* (2006)**

Til samanburðar er svo kvikmynd þar sem heimur karlsins og karlaveldið ráða ríkjum, en flestar íslenskar kvikmyndir hafa karla og þeirra veröld að viðfangsefni. Myndin sem varð fyrir valinu er andhverfa þeirra 11 kvikmynda sem greindar eru hér að ofan, en það er *Mýrin* byggð á samnefndri skáldsögu Arnalds Indriðasonar og leikstýrð af Baltasar Kormáki. Í stuttu máli fjallar myndin um rannsóknarlögguna Erlend, sem Ingvar E. Sigurðsson leikur, en hann leiðir morðrannsóknina á Holberg nokkrum, leikinn af Þorsteini Gunnarssyni. Málin flækjast og erfðafræði kemur við sögu ásamt gömlum fjölskylduharmleik. Fylgst er með Erlendi og dóttur hans Evu, leikin af Ágústu Evu Erlendsdóttur, en hún á við fíkniefnavanda að stríða og er á villigötum í upphafi myndar. Atburðarrás kvikmyndarinnar fjallar mikið um samband þeirra og hvernig þau tvö leysa úr sínum málum. Myndin sýnir þennan karlaheim sem einkennir t.d. kvikmyndir Hollywood. Hver einasta karlpersóna er sýnd sem ákveðin staðalímynd af karlmanni, fyrir utan fyrrverandi lögreglumanninn Rúnar, leikinn af Eyvindi Erlendssyni. Þessi staðalímynd kallast forystukarldýr (e. Alpha male) og er persóna

þessarar ímyndar t.d. skeggjaður, grjótharður, miskunnarlaus karlmaður sem lætur ekkert stoppa sig.

Hugtakið alpha kemur úr grísku sem þýðir einfaldlega sá fyrsti. Í dýraríkinu er karlkynsforystudýrið leiðtoginn, hann fær að borða á undan öðrum og nýtur forréttinda í að velja sér maka. En hjá mannfólkinu er alpha átt sérstaklega við um þá sem búa yfir metnaðargirni, ágengni og öflugri kynhneigð. Alpha er því það sem karlmenn sækjast eftir að vera, þar sem talið er að þessi einkenni hjálpi til að laða að sér kvenfólk. Í Hollywood eru þetta t.d. Brad Pitt, Christian Bale og Gerard Butler sem í flestum hlutverkum sínum geisla af drottandi karlmennsku<sup>4</sup>. Söguheimurinn í *Mýrinni* einkennist af þessum miskunnarlausum karlaheimi þar sem ofbeldi, kynferðisleg misnotkun og ringulreið ráða ríkjum. Kvikmyndin líður einnig fyrir vissa karlrembu þar sem karlpersónurnar tala um konur sem kerlingar hvað eftir annað. Tilfinningaleysið og ruddaskapurinn skína í gegn þegar karlpersónurnar gera lítið úr nauðgunum og fórnarlömbum þeirra. Dæmi um þetta er atriði þar sem rannsóknarlögreglan Sigurður Óli, leikinn af Birni Hlyni Haraldssyni, bankar á dyr hjá konum og spyr þær blátt áfram hvort þeim hafi einhverntíma verið nauðgað, þar sem hann er í leit af fórnarlambi nauðgunar. Honum finnst þetta alveg agalega óþægilegt fyrir sjálfan sig en þá er spurningin um að gera sig bara svolítið „kellingalegan“ til þess að afbera þetta, eins og er sagt í myndinni.

Þrátt fyrir að það séu margar kvenpersónur í *Mýrinni* þá hafa þær lítið vægi fyrir söguþráðinn. Þær eru í flestum tilvikum undir oki karlsins, það virðist að ef þær eru ekki bundnar körlum þá verða þær týndar eða ráðþrota, t.d. Eva sem er algjörlega hjálparlaus án þabba síns og sofnar vegna eiturlyfjaneyslu út um allan bæ. Svo er það Katrín, leikin af Kristbjörgu Kjeld, sem hélt framhjá eiginmanninum sínum fyrir mörgum árum þar sem hann var alltaf út á sjó. Þetta athæfi hafði sínar afleiðingar því það varð síðar meir flokkað sem nauðgun. Kvenpersónur í *Mýrinni* hafa því litla stjórn á atburðum sögunnar, það hlutverk fer til karlanna sem ráða ferð og eru í meirihluta.

---

<sup>4</sup> Leznoff, Maddie, „Is the beta male taking over Hollywood?“, *thegazette*

## 5. Niðurstaða fyrri hluta

Eftir að hafa útskýrt þessi sjónarhorn hvert fyrir sig er komið að því að greina niðurstöðuna um konuna í íslenskum kvikmyndum. Það má segja að hún sé í flestum tilvikum dularfull, hún hefur þennan dulræna blæ yfir sér sem gerir hana að athyglisverðri persónu. Hún er yfirleitt ekki undirokuð af karlmanni, hefur sjálfstæðar skoðanir, er fjárhagslega sjálfstæð og með frjálsan tjáningarmáta. Hún berst fyrir sínum rétti með kjafti og klóm og eltist við eigin drauma eða markmið. Hún ber litla virðingu fyrir mönnum sem halda framhjá henni, en hikar hinsvegar ekki við að vera með giftum körlum sjálf. Hún er hættuleg vegna þess að hún er frjáls, hún er því ógn við karlmenn sökum frelsis síns. Karlmenn virðast ekki geta ekki beislað hana niður, sem telst vera lítillækkun og skaðar karlmennskuímynd þeirra. En það virðist einmitt vera þessi sjálfstæði eiginleiki hennar sem er mest spennandi við hana, þeir eltast við hana því hún er allt öðruvísi en þær konur sem þeir eiga að venjast. Geislinn yfir henni er töfrandi og smitar út frá sér kynorku. Frjálsleiki hennar er það sem einkennir hana mest af öllu. Hún gerir það sem henni sýnist og sýnir karlmönnum ekki þá virðingu sem þeir búast við.

## II. Seinni hluti

Ég tók viðtöl við tvo leikstjóra, þær Ásdís Thoroddsen og Guðný Halldórsdóttur og Laufeyju Guðjónsdóttur, forstöðumann Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Eftir að hafa skoðað þessar kvikmyndir og greint þær samdi ég sex spurningar sem gætu gefið meiri innsýn í það hvernig það er að vera kona í kvikmyndagerð á Íslandi.

Guðný Halldórsdóttir er fædd 23. janúar árið 1954. Guðný lærði kvikmyndagerð í London International Film School og útskrifaðist þaðan árið 1981. Hún stofnaði sitt eigið kvikmyndafyrirtæki Umbi árið 1983<sup>5</sup>. Guðný hefur gert kvikmyndir á borð við *Kristnihald undir Jökli* (1989), *Karлакórin Hekla* (1992) og *Ungfrúin góða og húsið* (1999). Nýjasta kvikmynd hennar kom út árið 2007 en hún ber titilinn *Veðramót*.

Ásdís Thoroddsen er fædd 26. febrúar árið 1959. Ásdís lærði kvikmyndafræði í Deutsche Film- und Fernseh Akademie Berlin og útskrifaðist þaðan árið 1989<sup>6</sup>. Ásdís

---

<sup>5</sup> „Guðný Halldórsdóttir“, *Samtök Kvikmyndaleikstjóra*

<sup>6</sup> „Menntun“, *Gjóra*

hefur gert kvikmyndir á borð við *Ingaló* (1992), *Draumadísir* (1996) og heimildarmyndina *Súðbyrðingur – saga báts* (2010).

Árið 2003 var Laufey Guðjónsdóttir ráðin sem forstöðumaður kvikmyndmiðstöðvar Íslands. Laufey hafði áður komið að gerð sjónvarpsmynda ásamt því að hafa setið í nokkrum nefndum kvikmyndasjóðs. Laufey hefur einnig unnið ýmis störf í tengslum við kvikmyndir hér á landi<sup>7</sup>.

## 1. Spurning:

### **Samkvæmt tölum leikstýrðu konur aðeins 15% íslenskra kvikmynda á árunum 2000-2009. Hvers vegna telur þú að þetta hlutfall sé svona lágt?**

**Guðný:** Að hennar mati er vanþekking ástæðan á bakvið svona lágar tölur. Þeir sem stjórna kvikmyndasjóði virðast ekki hugsa út í það að konur hafa um margt ólíkt fram að færa en karlar. Þetta er í raun bæði hugsunarleysi og kynjamisrétti sem er ákaflega mikið í kvikmyndagerð út um allan heim. Það hefur þó breyst á síðustu 15-20 árum, sérstaklega á Norðurlöndum. Konum er vantreyst fyrir peningum, í tæknimálum og varðandi skrif.

**Ásdís:** Hún varð stopp í kvikmyndagerð þegar hún varð einstæð móðir. Ásdís segir að það sé erfitt að einbeita sér í hugmyndavinnu við þær aðstæður. Að hennar mati fara þær konur sem hafa metnað í kvikmyndagerð frekar í framleiðslu. Hún nefnir tvær ástæður fyrir því hvers vegna svo fáar konur eru kvikmyndaleikstjórar. Númer eitt er að þær treysta sér ekki, mikill tími fer í það að vera leikstjóri og þegar börn koma í spilið verða hlutirnir enn erfiðari. Númer tvö er að það er ekkert grín að vera kvenleikstjóri á Íslandi. Hérna er mjög karllægur hópur sem er lítill og þeir eru innmúraðir. Þeir sem eru í hópnum þekkjast vel og eiga í auðvelt með að koma sínum hugmyndum á framfæri. Að hennar mati er tíðarandinn í dag öðruvísi en þegar hún var að byrja í kvikmyndagerð á árum áður. Í dag eru fleiri konur að koma fram á ýmsum sviðum í kvikmyndagerð.

**Laufey:** Hún hefur ekki neina eina skýringu á því, en að hennar mati vantar meiri þjálfun fyrir yngri konur sem fara í kvikmyndagerð. Laufey talar um það að konur eigi við tæknilega feimni að stríða. Konur hafi ekki alveg sjálfstraustið þegar á að fara í nýtt verkefni. Það eru margar konur í framleiðsluhlutanum og þar eru þær jafnvel fleiri en

---

<sup>7</sup> „Laufey Guðjónsdóttir - forstöðumaður kvikmyndamiðstöðvar Íslands,“ *Cineuropa*

karlmenn. En í skapandi þáttum hefur því miður hallað á þær, þetta er ekki bara á Íslandi heldur almennt.

## **2. spurning:**

**Ef þú gætir lýst hinni íslensku konu eins og hún birtist í kvikmyndum, hvernig væri hún?**

**Guðný:** Yfirleitt eru þetta dræsur, oftast í aukahlutverkum, og sýndar sem frekar vitlausar. Frá því að vera eiturfjamerar uppí Alzheimersjúkar mæður. Ef strákar eiga gamla foreldra þá skrifa þeir óð til foreldranna, það virðist vera einhverskonar nauðsyn.

**Ásdís:** Það fer alveg eftir því hver gerir kvikmyndina og á hvaða ári hún er gerð. En það er mikill munur á því þegar karl leikstýrir kvikmynd og kona. Það sést á efnistöfum kvikmyndarinnar hvort karlar eða konur leikstýra. Ásdís segir að strákar séu í strákaleik, aðahlutverkin séu í höndum karla og konur séu aðeins í aukahlutverkum sem t.d. dræsur. Ásdís segir að Ragnar Bragason sé t.d. forvitinn um bæði konur og karla. Hann sé einn af fáum karlkynsleikstjórum hér á landi sem horfir bæði til karla og kvenna í jöfnum hlutföllum. Í kvikmyndinni hennar Ásdísar, *Ingaló*, er Ingaló persóna sem hefur tögg í sér. En hún nefnir einnig aðra persónu sem hefur svipaðan persónuleika, Stella í *Stella í orlofi*. Þá talar Ásdís um Ágústu Evu í kvikmyndinni *Borgríki* (2011), leikstýrð af Ólaf de Fleur Jóhannesson, sem kempu og er það jákvætt þar sem flestar konur í kvikmyndum eftir karla séu aukapersónur.

**Laufey:** Að mati Laufeyjar er Stella í *Stella í orlofi* „hin eina sanna“; hún er að mörgu leiti táknmynd kvenpersóna í íslenskum kvikmyndum. Laufey talar um að íslenska konan einkennist af því að vera sterk persóna, hress og drífandi. Þær séu ekki steríótípískar almennt fyrir henni.

## **3. spurning:**

**Er öðru vísi staðið að kvikmyndagerð á Íslandi þegar konur eiga í hlut sem stjórnendur? Fá konur ef til vill minni fjármuni til umráða eða jafnvel minni völd?**

**Guðný:** Ekki nema að því leyti að aðhaldssemin er meiri hjá konum, kaupið jafnara og maturinn betri. Að sögn Guðnýjar hafa öll hennar handrit fengið minna framlag en það sem karlkollegum hennar er úthlutað á sama tíma. Í sumum tilfellum meira að segja



þegar fjárhagsáætlun hennar er hærrí en karlleikstjóranna. Kvikmynd Guðnýjar fékk minni styrk en kvikmynd karlleikstjóra, þrátt fyrir að mynd karlleikstjórans hafi ekki þurft allan þann pening sem honum var úthlutað. Þegar mynd er farin af stað eru völdin nákvæmlega þau sömu í öllu vinnuferlinu. Það er jafn erfitt fyrir karla sem og konur að leikstýra. Ef kvikmyndin á að ganga upp þurfa leikstjórar að vera forystusauðir. En konum er ekki veitt mikið af tækifærum til þess að verða stjórnendur.

**Ásdís:** hefur ekki fundið fyrir því þegar hún hefur verið stjórnandi en hún fann fyrir því að eldri karlmenn áttu erfitt með að lúta stjórn kvenna. En það var ekkert vandamál með yngri og jafnaldra karlmenn. Að mati Ásdísar er vaðið yfir ungar konur í kvikmyndabransanum, þegar þær verða eldri og sterkari þá gengur betur hjá þeim sem leikstjórar. Til þess að vera kvikmyndaleikstjóri þarftu að hafa her-strúktúr, ef manneskjan á toppnum stjórnar vel og heldur um taumana þá verður verkefnið mun auðveldara. Ásdís segist ekki þekkja það að konur fái minni fjármuni eða völd í kvikmyndabransanum hér á landi.

**Laufey:** Þau í kvikmyndamiðstöðinni reyna frekar að hækka styrkina upp og gaumgæfa vel og lengi þær umsagnir sem vafi leikur á, áður en þau taka endanlega ákvörðun um styrkveitingu. Kvikmyndamiðstöðin vill hvetja konur til dáða í kvikmyndabransanum. Konum eru ekki veittir minni fjármunir, en konur eru varkárari í kostnaðarhliðinni. Oftast eru þær mjög raunsæjar en helst til of hófsamar í öllum kostnaði.

#### **4. spurning:**

**Hvernig finnst karleikurum að vinna með kvenleikstjórum? Verða þeir erfiðir viðureignar eða leggja þeir sig 100% fram?**

**Guðný:** segir að þeim finnst það ferlega gaman, við Íslendingar erum með vel þjálfaða kvikmyndaleikara sem gefa sig 100% að kvenleikstjórum jafnt og karlleikstjórum. Það eru fleiri kvenleikstjórar í leikhúsum en kvikmyndum, þeir eru því vanir að vera undir leiðsögn kvenna.

**Ásdís:** Fann ekki fyrir öðru, þegar hún er að vinna í kvikmyndagerð vinna allir saman. En það sem getur verið vandamál er t.d. áfengi á tökustöðum, þetta var vandamál áður fyrr en hefur lagst af í dag.

**Laufey:** Jafnréttið hér á Íslandi er það þróað að Laufey telur að karleikurum finnst það ekki síðra að vinna með kvenleikstjórum. Karlar vinna með kvenleikstjórum alveg

100% og fagmennska íslenskra leikara er þannig að þeir myndu aldrei slást slöku við. Þetta er spurning um gæði, ef fólk hefur trú á því sem það er að gera gengur allt upp.

## 5. spurning:

### Hverjir eru helstu áhrifavaldar íslenskra kvenleikstjóra?

**Guðný:** Þeir eru jafn fáir og kvenleikstjórarnir. Það má segja að það sé búið að ýta öllum kvenleikstjórum í burtu hér á landi, nýir kvenleikstjórar fá varla séns svo það eru nánast tveir leikstjórar sem eru að gera kvikmyndir þessu árin. Áhrifavaldar kvenleikstjóra hér á landi eru í flestum tilfellum Evrópskir og mjög langt frá því að vera Amerískir að sögn Guðnýjar. Íslendingar hafa ekki efni á því að gera stórar og miklar kvikmyndir og mikill hluti kvenna hér á Íslandi og Evrópu sé ekki fyrir Amerískar kvikmyndir. Þar sem flestar konur sem eru í kvikmyndageiranum á Íslandi eru menntaðar í Evrópu eru áhrifin því Evrópsk. Guðný telur að margar af þessum Hollywoodkvikmyndum séu orðnar þreytandi, hún hittir margar konur sem segjast ekki nenna að sjá Hollywood kvikmyndir. Þetta eru konur yfir 35 ára aldur sem hafa ekki lengur áhuga á að sjá þessar kvikmyndir þar sem kvikmyndaformúlan er orðin augljós. **Ásdís:** Hún leit mikið til Evrópskar kvikmyndagerðar og gerir enn. Hún horfir einnig til kvikmyndagerðar þriðja heims en síður til Bandaríkjanna, nema þá sjálfstæðar kvikmyndir (e. Indie films/Independent). Ásdís er ekki hrifin af innantómum spennumyndum. Hún segist vera mjög treg að setja sig inní ofbeldi, þetta kemur með aldrinum. Ásdís er meira fyrir andlegt ofbeldi heldur en blóðugt. Ásdís lítur til Evrópskra leikstjóra, hún horfir sérstaklega á það þegar konur leikstýra. Ásdís horfir einnig til kvikmyndasögunnar, þær klassísku kvikmyndir sem eldast eins og gott rauðvín. Ásdís hefur litið upp til leikstjóra á borð við Pier Paolo Pasolini, Federico Fellini, John Ford og Sergei Parajanov.

**Laufey:** Það hefur alltaf verið hópur sterkra kvenna hér á landi í kvikmyndum.

Svala Hannesdóttir, Guðný Halldórsdóttir, Kristín Pálsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Ásdís Thoroddsen og svo eru að koma fram ungir leikstjórar eins og Silja Hauksdóttir. Laufey telur að Valdís Óskarsdóttir sé mikil fyrirmynd. Valdís vann fyrst sem ljósmyndari og þegar hún var 35 ára fór hún í danska kvikmyndaskólann og lærði klippingu. Á þessum tíma var hún einstæð með tvö börn. Síðan klippti hún flókin verkefni eins og t.d. kvikmyndina *Festen* (1998) þar sem hún stimplaði sig rækilega inn

í úrvalslíð kvikmyndaklippara. Þegar Valdís var 59 ára leikstýrði hún fyrstu kvikmyndinni sinni, *Sveitabrúðkaup* (2008). Laufey finnst Valdís vera frábær fyrirmynd. Það að fylgja hjartanu er svo mikilvægt og að láta ekkert stoppa sig. Valdís Óskarsdóttir hefur sýnt það að maður er aldrei of gamall að láta drauma sína rætast.

## **6. spurning:**

**Hefur afstaða til kvenna í kvikmyndagerð breyst með árunum? Hver er munurinn í dag og fyrir 20 árum?**

**Guðný:** Segir að handritin hafa orðið karllægari og því verða til einsleitari kvikmyndir, t.d. spennumyndir, töffaramyndir og undirheimamyndir. Að mörgu leyti hefur kvikmyndagerð hrokkið nokkur ár aftur í tímann, þær eru ungæðislegri og innihaldslausari og tæknilega „amatörlegri“. Upphaflega stóðu konur jafnfætis körlum en síðan hefur þetta tekið hraðskrið niður í drengjameninguna. Það er algengt að konur sitji í kvikmyndasjóðum, kvikmyndahátíðum og séu innkaupastjórar sjónvarpsstöðva. Þær hlakka mest til að hitta strákana, það er öðruvísi tekið á konum en körlum í þessum geira. Guðný hefur haft það á tilfinningunni að kvenleikstjórar séu að ryðjast inná svæði þar sem karlar hafa tileinkað sér. Móttökurnar hjá þessu fólki sem eru í vafstri í kvikmyndagerð sýna mikinn mun á því hvort þú sért kona eða karl. Frasinn „konur eru konum verstar“ sé því nokkuð réttur, en konur geri sér ekki grein fyrir því.

**Ásdís:** Að vera kona í þessum bransa er erfitt þar sem þú þarft að yfirstíga allar hindranir sem eru margar. Ásdís vonar að með nýrri kynslóð í kvikmyndagerð muni afstaða til kvenna í kvikmyndagerð beytast.

**Laufey:** Hún telur að afstaðan sé orðin meðvitaðri, þessar fyrrnefndu kjarnakonur hafa rutt brautina og eru ennþá mjög öflugar í framleiðsluhlutanum og eru að koma meira inn í þennan skapandi hluta. Það eru því miður ekki eins margar konur og maður hefði viljað í löngum leiknum kvikmyndum en þær eru þó nokkuð í stuttmyndum og heimildarmyndum. Það er því vonandi gott undirbúningsskref fyrir þær til þess að fara í leiknar kvikmyndir í fullri lengd.

## 6. Niðurstaða seinni hluta

Það er margt sem sameiginlegt í svörum viðmælenda þessa viðtals, þær eru t.d. allar á því máli að konur skorti ákveðna tæknilega þekkingu eða áræði í kvikmyndagerð. Laufey og Guðný nefna það að konur fara frekar í framleiðsluhlutann í kvikmyndagerð, þar eru konur jafnvel fleiri en karlar.

Það voru athyglisverð svör sem ég fékk við spurningu tvö, Guðný og Ásdís eru sammála um það að konur í íslenskum kvikmyndum birtast of oft sem sem dræsur og í aukahlutverkum. En þarna eru þær að tala um þegar karlar leikstýra kvikmyndum. Ásdís segir t.d. að þegar kona leikstýrir þá gefur hún kvenpersónu sinni meiri tögg. Laufey nefnir *Stella í Stella í orlofi* sem ákveðna tákmynd kvenpersóna í íslenskum kvikmyndum. *Stella* hefur flesta þá eiginleika sem talið var upp sem einkennir hina íslensku konu í kvikmyndum.

Þær eru allar sammála um það að konur fá ekki minni völd í kvikmyndagerð en hinsvegar hefur Guðný orðið fyrir því að fá minni styrki heldur en karlleikstjóri á sama tíma. Karlleikarar gefa sig 100% í frammistöðu þegar þeir eru undir leiðsögn kvenna, karlleikarar Íslands eru velþjálfaðir kvikmyndaleikarar.

Áhrif á íslenskra kvenleikstjóra koma aðallega frá Evrópu en síður frá Hollywood. Það er því athyglisvert að Hollywood kvikmyndir veita ekki íslenskum kvenleikstjórum innblástur. Það er því rannsóknarefni fyrir sig að athuga hvort karleikstjórar hér á landi horfi frekar til Hollywood kvikmynda.

Þær eru allar sammála um það að íslenskir kvenleikstjórar eiga á brattann að sækja í dag, þær eru fáar í skapandi geiranum og spurning hver framtíðin sé fyrir kvenleikstjóra hér á landi. Samkvæmt tölum frá Böðvari Bjarka Péturssyni hjá Kvikmyndaskóla Íslands þá útskrifuðust 39 nemar á fimm önnum, haust og vor, á árunum 2009-2011 í leikstjórn og framleiðslu, 28 karlar (72%) og 11 konur (28%). Karlmenntu eru þarna í miklum meiri hluta og það er ekki að sjá á þessum tölum að konur séu að sækja í sig veðrið sem leikstjórar. En þegar kemur að leiklist hafa konur algjöra yfirburði yfir karlmenn. Á þessum fimm önnum útskrifuðust 44 úr leiklist, 14 karlar (32 %) og 30 konur (68%). Það er því ljóst að leiklist blómstrar hjá konum en hinsvegar eru þær enn í

miklum minnihluta í leikstjórn. Á árunum 2004-2008 útskrifaðist 71 nemi úr skólanum, 55 karlar (77%) en aðeins 16 konur (23%) en 2009-2011 útskrifuðust 132, 77 karlar (58%) og 55 konur (42%). Á þessum síðustu þremur árum hafa tölurnar jafnast aðeins á milli kynjanna, konur sækja meira í leiklist en vonandi fara tölurnar að hækka í leikstjórn.

Það er því rétt sem Guðný, Ásdís og Laufey segja, fáar konur sækjast eftir því að verða leikstjórar í dag. Ég bjóst við því að sjá jákvætt hlutfall á milli kynjanna í leikstjórn en svo var ekki. Vonandi brúast þetta bil í framtíðinni.

Hver gæti verið ástæðan fyrir því að konur sækjast síður eftir því að verða kvikmyndaleikstjórar? Samkvæmt niðurstöðunum úr spurningum hér að ofan er erfitt að vera kona í leikstjórn á Íslandi í dag. Markaðurinn einkennist af glæpamyndum sem hafa konuna í algjöru aukahlutverki. Það eru karlar sem leikstýra þessum kvikmyndum og þær njóta vinsælda í bíóhúsum hérlendis. Þetta gerir það að verkum að markaðurinn leitar eftir svipuðum kvikmyndum sem innihalda líkamlegt ofbeldi og samkvæmt leikstjórunum sem ég talaði við hrífast þær ekki af slíku. Sérstakar aðstæður kvenna eins og barneignir spila hér inn í og oft verður það nær ómögulegt fyrir t.d. einstæðar mæður að vinna sem leikstjórar. Mér var trúað fyrir því að konur sem starfa í kvikmyndagerð hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi innan greinarinnar, en ég get ekki greint frá heimildum um það að þessu sinni.

## 7. Lokaorð

Frá upphafi kvenfrelsisbaráttu hafa bandarískir femínistar kannað framsetningu á kynferði kvenna í bókmenntum, myndlist, kvikmyndum og sjónvarpi. Fyrsta bylgja femínískra gagnrýnenda beitti víðri samfélagslegri nálgun og skoðaði þau kynjahlutverk sem konur virtust gegna í öllum tegundum hugverka, allt frá æðri list til afþreyingarefnis fyrir almenning. Hlutverkin voru metin ýmist jákvæð eða neikvæð samkvæmt tilbúnum mælikvarða um hina sjálfráðu og sjálfstæðu konu. Undir áhrifum frá Claude Lévi-Strauss, Roland Barthes, Jacques Lacan, Christian Metz, Julia Kristeva og fleirum byrjuðu konur að beita aðferðum sálgreiningar, táknfræði og formgerðarfræði til að greina það hvernig konur birtust í kvikmyndum<sup>8</sup>.

Öll mannleg samfélög hafa ákveðinn skilning á því hver sé hin ógnvekjandi kvenvera, hvað það er sem gerir konur sláandi, skelfilegar, hryllilegar og fyrirlitlegar. Freud skrifar í ritgerð sinni *Fetisism* árið 1927: „Líklega hefur engri karlkyns veru verið hlíft við því skelfilega áfalli og hótun um geldingu sem það er að líta augum kynfæri kvenna“. Hin Klassíska goðafræði inniheldur kynjaskrímsli og í mörgum tilfellum eru þau kvenkyns. Drottning kvenskrímslanna er sú sem er með hin illu augu, Medúsa. Þeir menn sem eru svo ólánsamir að berja hana augum verða að steini. Þessi goðsögn Perseusar er notuð til þess að fjalla um kynferði kvenna og til þess að skírskota til hins innbyggða geldingarótta karlsins. Karlkyns áhorfendur verða svo stífir af ótta við það að sjá höfuð Medúsu, að þeir hreinlega steingerfast. Kaldhæðnin við þetta fór ekki framhjá Freud sem benti á það að verða stífur getur einnig þýtt stinningu limsins<sup>9</sup>.

Freud notar hugtakið „myrka meginlandið“ (e. dark continent) um óræðið eðli og kynferði kvenna sem er endurtekið þema í femínískum kenningum. Orðatiltækið umbreytir kynferði kvenna í órannsakað svæði sem einkennist af því að vera dularfullt, óþekkt og er haldið leyndu frá fræðilegum útskýringum. Þetta er hinn þekkingarfræðilegi máttur sálgreiningarinnar. Hin siðmenntaða hvíta kona í byrjun 20. aldarinnar er fyrirmynd menningar, hún býr yfir kynþáttahreinleika ásamt því að vera fínleg. Hún er staðsett sem andstæða svörtu konunnar. Endurskoðuð kynferðisleg

---

<sup>8</sup> E. Ann Kaplan, *Feminism & Film*, Bls 119

<sup>9</sup> Barbara Creed, „Horror and the monstrous feminine: An imaginary abjection,“ Bls 251-252

siðfræðigildi urðu að veruleika við tilkomu „nýju konunnar“ árið 1920. Á þessum tíma kom upp sú hugmynd að það þyrfti opnari skilning á kynferði hvítu konunnar. En með því minnkaði bilið á milli hinnar virðulegu Viktoríuhefðarkonu og vændiskonunnar<sup>10</sup>.

Íslenska konan eins og við kynnumst henni í þeim kvikmyndum sem hér hefur verið fjallað um er sterk og sjálfstæð og tekur sínar eigin ákvarðanir. Hún er frjálsleg og gjarnan kynferðisleg og á í ástarsamböndum utan hjónabands. Í samanburði við kvenpersónur í Hollywoodmyndum gegnir íslenska konan mikilvægara hlutverki í kvikmyndunum, hún er hluti af söguþræðinum, gerandi í athöfnum og ekki aðeins til skrauts. Ef tekið er dæmi um hefðbundið kvennahlutverk í kvikmyndum Hollywood þá eru þær í flestum tilvikum undiroki karlsins, þær hafa lítil áhrif á söguna og keppast aðeins við það sama, að hreppa draumaprinsinn. Íslenska konan virðist því eiga betri möguleika á því að þroskast í heilsteyptan sjálfstæðan einstakling, ólíkt kynsystur sínum í draumaverksmiðjunni Hollywood.

Átak þarf til þess að fá fleiri konur inn í leikstjórn á Íslandi. Það þarf að efla og fræða stelpur um mikilvægi kvikmyndagerðar. Það þarf að draga þær úr skelinni og kynna þeim leikstjórn. Í grunnskólum landsins ættu að vera kvikmyndakúrsar í boði fyrir alla, þar á ég ekki við að krakkar horfi á frægar Hollywood kvikmyndir heldur koma saman að skoða áhugaverðar alþjóðlegar kvikmyndir eftir athyglisverða leikstjóra. Það gæti virkað sem góð hvatning fyrir ungar stúlkur með leikstjórnar hæfileika og drauma að sýna þeim gæða kvikmyndir eftir jafnt kven sem karl leikstjóra. Sjónarhorn kvenna þarf að vera algengara í íslenskum (sem og alþjóðlegum) kvikmyndahúsum. Allir eiga frábærar sögur til þess að segja og Íslendingar eiga margar sterkar kvenpersónur í sögum og bókmenntum. Að starfa sem leikstjóri getur gert manni kleyft að segja sína sögu og hafa áhrif á líf fólks hvar sem er í heiminum. Ef konur hefðu verið jafnari körlum sem leikstjórar frá byrjun kvikmyndamiðilsins þá væri kvikmyndaformið einsog við þekkjum í dag eflaust allt öðruvísi. Íslendingar eiga gríðarlega efnilegt fólk sem hefur hér kjöraðstæður til þess að skapa sér nafn í kvikmyndagerð. Með tímanum mun leikstjórahlutverkið vonandi jafnast út á milli kynjanna.

---

<sup>10</sup> Mary Ann Doane, *Femme Fatales: Feminism, Film Theory, Psychoanalysis*, Bls 209 og 214

## Heimildaskrá

[Höfundur ekki vitað], „heildarlisti íslenskra kvikmynda“, kvikmyndir.is,

<http://kvikmyndir.is/kvikmyndir/islenskar/listi/?tegund=biomyndir>

[sótt 15. febrúar, 2012]

Sheri, „Emotional affairs 101“, *about.com*

[http://marriage.about.com/od/infidelity/ss/emotionalaffair\\_2.htm](http://marriage.about.com/od/infidelity/ss/emotionalaffair_2.htm)

[sótt 1. mars, 2012]

Leznoff, Maddie, „Is the beta male taking over Hollywood?“, *thegazette* 5.2.2010

<http://www.westerngazette.ca/2010/02/05/is-the-beta-male-taking-over-hollywood/>

[Sótt 9. mars, 2012]

[Höfundur ekki vitað], „Guðný Halldórsdóttir“, *Samtök Kvikmyndaleikstjóra*,

<http://www.skl-filmdirectors.net/pdf/cv/enska/gudnyhalldorsdottir.pdf>

[sótt 27. mars, 2012]

[Höfundur ekki vitað], „Menntun“, *Gjóla*,

<http://www.gjola.is/en/bms.html>

[sótt 27. mars, 2012]

[Höfundur ekki vitað], „Laufey Guðjónsdóttir - forstöðumaður kvikmyndamiðstöðvar Íslands“, *Cineuropa* 25.8.2005,

<http://cineuropa.org/2011/it.aspx?t=interview&l=en&did=54291>

[Sótt 31. mars, 2012]

Kaplan, E. Ann. (2000). *Feminism & Film*. Oxford, New York: Oxford University Press.

Creed, Barbara (1986). „Horror and the monstrous feminine: An imaginary abjection.“ *Feminist Film Theory*. Sue Thornham (ritstjóri). Routledge, bls 251-252

Doane, Mary Ann (1991). *Femme Fatales: Feminism, Film theory, Psychoanalysis*. Routledge, New York.



## **Kvikmyndir:**

Þorsteinn Jónsson, *Punktur punktur komma strik*. (Ísland: Kvikmyndafélagið Óðinn, 1981)

Ágúst Guðmundsson, *Með allt á hreinu* (Ísland: Bjarmaland, 1982)

Egill Eðvarðsson, *Húsið* (Ísland: Sagafilm, 1983)

Kristín Pálsdóttir, *Skilaboð til Söndru* (Ísland: UMBI Film ehf, 1983)

Þorsteinn Jónsson, *Atómstöðin* (Ísland: Kvikmyndafélagið Óðinn, 1984)

Þórhildur Þorleifsdóttir, *Stella í orlofi* (Ísland: UMBI Film ehf, 1986)

Guðný Halldórsdóttir, *Kristnihald undir Jökli* (Ísland: Magmafilm og UMBI Film ehf, 1989)

Ásdís Thoroddsen, *Ingaló* (Ísland: Gjóla ehf í samvinnu við norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn, Transfilm GmbH, Berlin, Filminor Oy, 1992)

Friðrik Þór Friðriksson, *Djöflaeyjan* (Ísland: Íslenska kvikmyndasamsteypan í samvinnu við Zentropa Entertainments, Peter Rommel Film Production, Filmhuset AS, ZDF/Arte, 1996)

Guðný Halldórsdóttir, *Ungfrúin góða og húsið* (Ísland: UMBI Film ehf, Pegasus Pictures í samvinnu við Nordisk Film Production, Götafilm, Nordic Screen Productions, Film i Vast, 1999)

Ágúst Guðmundsson, *Mávahlátur* (Ísland: Ísfilm, meðframleiðslufyrirtæki: Archer Street Production og Hope & Glory Productions, 2001)

Baltasar Kormákur, *Mýrin* (Ísland: Sögn ehf í samvinnu við: Bavaria, Nordisk Film Production og Ard Degeto Film, 2006)